

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Krossanesi



<b>Dags eftirlits</b>	12.6.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðjón Páll Jóhannsson	<b>Staðsetning</b>	540523,65	578809,711

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Sest var yfir kröfur í starfsleyfi og skoðaðar voru skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í stöðinni. Skráningar reyndust í góðu lagi.

Allir geymar í stöðinni sem notaðir eru undir olíur hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum og í mars sl. bárust niðurstöður þrýstiprófana á lögnum nr. 600.50.00, 600.52.00, 600.60.00, 600.63.00 og 600.70.00. Skollögn 600.30.00 var ekki prófuð í þessari lotu.

Í maí varð yfirfylling þegar verið var að dæla MD olíu á olíugeymi í stöðinni. Olían fór niður í mengunarvarnarþró og var vatni dælt í þróna til þess að lyfta olíunni upp frá botninum og síðan var olíunni dælt aftur upp á ílát. Eftir atvikið kom í ljós að loki í mengunarvarnarþró um geyminn hafið bráðnað. Skoðað hvort gúmmí í þróarlokum sé af réttri gerð (olíuþolið).

Bensín er geymt í olíubirgðarstöðinni og því er þar gufuendurnýtingarbúnaður fyrir bensínugufur. 20. maí sl. kom tilkynning um að búnaðurinn hefði bilað og kom í ljós að sogdæla var full af bensíni. Við nánari skoðun kom í ljós mikið vatn var í soglögnum og líklega hafa hæðarskynjarar staðið á sér. Gert var við gufuendurnýtingarbúnaðinn og kom tilkynning 27. maí um að búnaðurinn væri kominn í lag.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskiljur og áfyllingarplan. Lokar stöðu lokaðir eins og tilskilið er. Olíuskiljur eru þjónustaðar að jafnaði á mánaðarfresti. Greining á olíu í frárennsli þróa stöðst kröfur í reglugerð, en prófað var með Macherey-Nagel prófi.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

Reykjavík, 18.08.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.